

Íslenskur iðnaður

11. tölublað 18. árg.

Nóvember 2012

Samtök iðnaðarins

SI

Byggingakostnaður eykst að lágmarki um 10%



Samtök iðnaðarins, ásamt Mannvirkjastofnun og fleiri aðilum, hafa undanfarnar vikur staðið fyrir kynningarfundum víða um land fyrir hönnuði, tæknimenn, iðnaðarmenn og eftirlitsaðila um nýja byggingareglugerð, samræmingu eftirlits og leiðir til aukinna samskipta innan byggingageirans.

Á fjölmönnum fundi á Grand Hótel Reykjavík var fjallað um kostnaðaraukninguna sem fylgir nýjum mannvirkjalögum og byggingareglugerð. Lögin og reglugerðin voru ekki kostnaðargreind af Alþingi áður en þau öðluðust gildi þó kveðið sé á um það í lögum. Samtök iðnaðarins ásamt Búseta létu því óháðan aðila, ráðgjafastofuna Hannarr ehf, gera kostnaðargreiningu. Kannað var hvaða áhrif byggingareglugerðin hefði á kostnað byggingu íbúða, sem byggðar voru á

árunum 2008 og 2009, á vegum Búseta í fjölbýlishúsi við Litlakrika í Mosfellsbæ.

10% kostnaðaraukning

Niðurstaða greiningarinnar er að um talsverða aukningu er að ræða, en byggingakostnaður við dæmigert fjölbýlishús eykst að lágmarki um 10%. Litið var til fjölmargra þátta í greiningu á áhrifum breytinganna, m.a. kostnaðar vegna aukinnar einangrunar útveggja, þaks og neðsta gólfs.

Rétt er að geta þess að Litlakrika uppfyllti langt umfram lágmarkskröfur eldri reglugerðar. Ef mannvirki sem einungis uppfyllti lágmarkskröfur eldri reglugerðar hefði verið valið væri kostnaðaraukning mun meiri.

Nýja reglugerðin gerir ráð fyrir svokallaðri algildri hönnun í öllum nýjum húsum. Það er að allt húsnæði sé þannig úr garði gert að það henti öllum hvort sem fólk glímur við skerta hreyfigetu eða sjónskerðingu. Friðrik Á. Ólafsson, for-

stöðumaður Byggingasviðs SI segir of langt gengið og bendir á að þrátt fyrir að hönnun mannvirkisins við Litlakrika hafi verið til fyrirmyndar út frá hugmyndinni um algilda hönnun hefði það verið 10% dýrara ef öll skilyrði nýrrar reglugerðar hefðu verið uppfyllt.

„Þá er ekki tekið tillit til íslenskra aðstæðna, til dæmis munu kröfur um mjög lága þröskulda í öllum húsum væntanlega auka leka. Auk þess munu húsin öll stækka vegna kröfu um aukna einangrun“, segir Friðrik.

Vanda til verka

Friðrik telur að breytingarnar verði til þess að vísitalan hækki og þar með lán landsmanna. „Þetta samrýmist auk þess ekki stefnu velferðarráðuneytisins um að stuðlað verði að hagkvæmum húsakosti og fjölbreyttu eignaformi. Margt gott er að finna í reglugerðinni en það þarf að vanda betur til verka og veita meiri tíma til að fara yfir málin.“

bls. 2



Gæðastjórnun
í iðnaði
2012

bls. 3



bls. 4



Viðtal
við Eðvald í
Kjarnafæði

bls. 5



Matvæla-
landið
Ísland

bls. 7



Skúla-
verðlaunin
2012

Gæðastjórnun í iðnaði 2012

Gæðastjórnun hefur verið mikið kappsmál innan Samtaka iðnaðarins í langan tíma. Í ályktun Samtakanna frá 1998 segir meðal annars:

„Fyrirtæki í iðnaði þurfa að taka upp virka gæðastjórnun sem fastan þátt í starfsemi sinni. Auk þess að tryggja vörugæði þarf gæðastjórnunin að miða að bættri þjónustu og aukinni arðsemi fyrirtækjanna. Aðferða- og hugmyndafræði altæktrar gæðastjórnunar á að vera sjálfsagður og eðlilegur þáttur í starfsemi hvers fyrirtækis. Íslenskum fyrirtækjum þarf að vera ljóst að gæðastjórnun eykur aðlögunar- og samkeppnishæfni og að vottað gæðakerfi hefur markaðsgildi. Hægt er að draga verulega úr kostnaði og fyrirhöfn við opinbert eftirlit með starfsemi iðnfyrirtækja með því að fella inn í gæðakerfi kröfur úr lögum og reglugerðum og nota stjórnunarbátt vottaðra gæðakerfa til nauðsynlegs eftirlits.

Þrátt fyrir þá einföldu staðreynd að gæðastjórnun þýðir einfaldlega „góð stjórnun“ og fjallar um „stjórnunarleg gæði“ hefur hugtakið verið haldið á lofti sem mjög háfleygu hugtaki sem einungis sérfræðingum væri ætlað að skilja. Þetta viðhorf hefur, illu heilli, valdið því að meiri árangur hefur ekki náðst en raun ber vitni.

Samþykkt Samtakanna, á sínum tíma, byggðist meðal annars á að opinberir verkkaupar voru farnir að gera þá kröfu til verktaka að þeir sýndu fram á hæfni sína til þeirra verka sem þeir buðu í. Á þeim tíma sögðu sumir þeirra digurbarkalega að í framtíðinni ætluðu þeir að

leggja áherslu á að meta hæfni verktaka ekki síður en lágt tilboð. Þrátt fyrir góð fyrirheit er raunin ekki sú í dag nema í algjörum undantekningar tilvikum.

Samtök iðnaðarins tóku þá stefnu árið 1997 að leggja áherslu á að veita félagsmönnum sínum sem besta aðstoð til að uppfylla kröfur verkkaupa um bætta stjórnun. Hugmyndir og aðstoð voru sótt til Noregs og yfirfærðar á íslenskar aðstæður. Sú aðstoð SI við félagsmenn hefur verið efl og aðlöguð nýjum áherslum og nýrri tækni þannig að Samtökin hafa aldrei verið eins vel í stakk búin í þessum efnunum og aðstoða fyrirtækin við að útbúa eigin gæðahandbók og standa vel að skjala- og skráarvistun.

Til að auðvelda fyrirtækjum að tileinka sér aðferðafræði gæðastjórnunar með aðstoð SI var innleiðing góðrar stjórnunar skipt upp í fjögur þrep. Þar lýkur hverju þrepi með úttekt og skjalfestri staðfestingu á árangri. Sú aðferðafræði nefnist „áfangaskipt gæðavottun SI“ og árangurinn má sjá á vefsetri SI undir fyrirsögninni „Gæðastjórnun og rekstur.“

Segja má að nú sé þessi aðferð að sanna sig því að fyrstu fyrirtækin, sem völdu þessa leið áfangaskiptar gæðavottunar, eru að fá alþjóðlega vottun gæðastjórnunar samkvæmt staðlinum ISO 9001:2000. Yfirvöld virðast hafa áttað sig á mikilvægi góðrar stjórnunar því að í nýjum mannvirkjalögum er lögð rík áhersla á gæðastjórnun þótt þar hefði mátt ganga aðeins lengra.

Ekki er nóg að vilji sé fyrir hendi og gerðar séu samþykktir og kröfur. Það sem mestu máli skiptir er hæfni þeirra sem eiga að standa undir og fullnægja



Ferdinand Hansen
verkefnastjóri gæðastjórnunar SI

væntingum. Þar er fyrst og fremst átt við stjórnendur verktaka og verkkaupa.

Menntastofnanir verða, eins og aðrir, að fylgja þróuninni eftir með nýjum námskrám og endurmennta kennara til að fullnægja kröfum markaðarins á hverjum tíma.

Mikilvægt er að aðilar og stofnanir, sem eiga að búa nemendur sína undir að takast á við verkefnið sem bíða þeirra úti í fyrirtækjunum að námi loknu, lagi sig að nýjum kröfum um starfshætti.

Samkvæmt nýútkominni skýrslu frá ráðgjafarfyrirtækinu McKinsey má færa fyrir því rök að hluti skýringar á lágri framleiðni hér á landi eigi rætur að rekja til þess að hér er lítil sem engin áhersla lögð á menntun í framleiðslustjórnun. Stór hluti framleiðslu- og þjónustufyrirtækja hér á landi lýtur stjórn fólks sem hefur ekki sértæka menntun á þessu sviði. Menntastofnanir, sem þjónusta iðnaðinn, þurfa að taka sig á og bjóða meiri og betri menntun í þessu efni.

Boðskapur gæðastjórnunar er samvinna viðskiptavina og birgja. Ef allir, sem koma að mannvirkjagerð, hvort sem þeir eru verkkaupar, verktakar, eftirlitsaðilar eða menntastofnanir, leggja sig fram við að skilja og vera trúir boðskap staðalsins ISO 9001:2008 mun markmið nýrra laga um mannvirkjagerð ganga eftir átakalaust.



Samtök iðnaðarins stóðu fyrir gerð fimm forvitnilegra og fjölbreyttra sjónvarpsþátta um nýsköpun og þróunarstarf í íslenskum iðnaði í samstarfi við Ara Trausta Guðmundsson og kvikmyndafyrirtækið Lífsmynd. Leitað var fanga hjá sextán fyrirtækjum í afar ólíkum iðngreinum, allt frá kaffi- og ullariðnaði til tölvu- og véltæknigreina.

Þættirnir eru sýndir á Rúv á mánudögum kl. 18.25 og endursýndir á miðvikudögum og sunnudögum.

MR sigraði í Boxinu



BOXID – framkvæmdakeppni framhaldsskólanna fór fram í Háskólanum í Reykjavík 10. nóvember. Átta skólar tóku þátt í æsispennandi keppni sem lauk með sigri MR. Markmið keppinnar sem var haldin í annað sinn er að kynna og vekja áhuga á tækni, tækninámi og störfum í iðnaði.

Fjórtán framhaldsskólar víðsvegar af landinu sendu lið í undankeppni BOXINS en þau átta lið sem komust áfram voru Verkmenntaskólinn á Akureyri, Menntaskólinn í Reykjavík, Menntaskólinn á Akureyri, Verslunarskóli Íslands, Tækniskólinn, Menntaskólinn við Sund, Fjölbrautaskóli Suðurnesja og Iðnskólinn í Hafnarfirði.

Keppnin fólst í þrautabraut með sjö stöðvum og fóru liðin, sem hvert voru skipuð fimm einstaklingum, á milli brauta og leystu ólíkar þrautir á hverjum stað. Þrautirnar reyndu bæði á hugvit og verklag en þær voru búnar til af fyrir-

tækjum úr ólíkum greinum iðnaðar í samstarfi við fræðimenn Háskólans í Reykjavík.

Lið Menntaskólans í Reykjavík var stigahæst að keppni lokinni en lið Tækniskólans og Verslunarskóla Íslands voru jöfn í 2. og 3. sæti. Sigurliðið hlaut verðlaunabikar til eignar og hver liðsmaður iPad (spjaldtölvu) en fyrir annað og þriðja sæti hlutu liðsmenn iPod (tónhlöðu). Fyrirtækin veittu að auki verðlaun þeim liðum sem stóðu sig best, voru frumlegust eða skemmtilegust í þeirra þrautum. Fyrirtækin sem komu að gerð þrautanna eru ÍAV, Marel, Skema, Gæðabakstur, Actavis, JSÓ og Marorka.

Keppnin tókst vel í alla staði og bæði þátttakendur og áhorfendur skemmtu sér vel.

BOXID er samstarfsverkefni Samtaka iðnaðarins, Háskólans í Reykjavík og Sambands íslenskra framhaldsskólanna.



Marel markaðsfyrirtæki ársins 2012

Marel hlaut Íslensku markaðsverðlaunin sem voru afhent við hátíðlega athöfn á Hilton Reykjavík Nordica 8. nóvember. Forseti Íslands hr. Ólafur Ragnar Grímsson, afhenti verðlaunin fyrir hönd ÍMARK og er þetta í 22. sinn sem verðlaunin eru veitt.

Auk Marel voru Mjólkursamsalan og Ölgerðin tilnefnd til Íslensku markaðsverðlaunanna fyrir að hafa sýnt frábæran árangur hvert á sínu sviði og mjög faglegt markaðsstarf.

Markaðsstefna fyrirtækisins tekur tillit til margra þátta svo sem eins og breyttrar neytendahegðunar, breytinga á neyslumynstri, þróun matvælaframleiðslu á ólíkum mörkuðum, samkeppni, þarfa viðskiptavina, hagsmuna starfsmanna og annarra hagsmunahópa.

Til að fylgja þessu eftir er Marel með 53ja manna markaðsteymi sem starfar á 25 stöðum um allan heim. Árangurinn hefur ekki látið á sér standa en fyrirtækið er númer eitt á öllum helstu mörkuðum sem það starfar á. Það sem hefur hjálpað einna helst til við að ná þessum árangri er sterkt og vel skipulagt markaðsstarf fyrirtækisins. Marel er vel að þessum verðlaununum komið.



Ingólfur Örn Guðmundsson, Marel, Andri Þór Guðmundsson, Ölgerðinni og Einar Sigurðsson, Mjólkursamsöluinni



Áhugasamir nemendur við þraut ÍAV



Aðalfundur Samtaka mjólkur- og kjötvinnslufyrirtækja

Aðalfundur Samtaka mjólkur- og kjötvinnslufyrirtækja, SMK, var haldinn 25. október. Auk venjulegra aðalfundarstarfa flutti Valdimar Einarsson, ráðgjafi á Nýja Sjálandi, erindi um reynslu Nýsjálendinga af framleiðslu og sölu matvæla og hvað Íslendingar geta af þeim lært.

Nýsjálendingar eru stórir útflytjendur bæði á lambakjöti og mjólk í formi dufts og smjörs. Valdimar telur að Íslendingar geti mikið af þeim lært. Helsta hagsmunamála bænda á Íslandi sé að losna undan framleiðslustýringu og ríkisafskiptum. Hann telur að þær hömlur, sem ríkisafskiptin hafa lagt á framleiðslu íslenskra bænda, hafi verið til stórskaða og að þegar og ef ríkisstuðningi verður hætt ætti að veita aðlögun á formi skaðabóta til bænda. Að mati Valdimars er mikilvægt að verð fyrir íslenskar vörur á heimsmarkaði verði sambærilegt og fyrir nýsjálenskar vörur og jafnframt að íslenskir bændur fái greitt sama verð fyrir afurðir sínar og þeir nýsjálensku.

Að erindi Valdimars loknu fóru fram venjuleg aðalfundarstörf. Í skýrslu formanns kom fram að stjórnin hefur fjallað um mörg mál á árinu, s.s. meðferð á lífrænum úrgangi, uppgjör á virðisaukaskatti, vernd vöruheita, vörugjöld, ímynd mjólkur- og kjötiðnaðar og fleira. Öll stjórn var endurkjörin en í henni eiga sæti Guðni Ágústsson, formaður, Einar Sigurðsson, Gunnar Þór Gíslason, Magnús Freyr Jónsson og Sigurður Jóhannesson meðstjórnendur. Karl Ómar Jónsson og Steinþór Skúlason voru endurkjörnir varamenn.

Watson Pharmaceuticals, Inc. og Actavis Group sameinast

Watson Pharmaceuticals, Inc. tilkynnti þann 1. nóvember að það hefði lokið við kaup á Actavis Group. Með kaupunum verður til þriðja stærsta samheitalyfjafyrirtæki í heimi með um sex milljarða evra í tekjur á ári. Fyrirtækið mun starfa undir heitinu Actavis.

Við sameininguna verður til öflugt fyrirtæki með starfsemi í yfir 60 löndum í fimm heimsálfum á mörkuðum með yfir fimm milljarða neytendum. Hjá fyrirtækinu starfa 17.000 manns.

Framleiðslugeta á heimsvísu er yfir 40 milljarða einingar sem gerir Actavis kleift að vera í forystu meðal samheitalyfjafyrirtækja í þjónustu við viðskiptavinum um allan heim. Sem stendur er verið að þróa 180 vörur í Bandaríkjunum og um allan heim bíða tvö þúsund markaðsleyfi samþykktar. Auk þess hefur Actavis bolmagn til þróunar og framleiðslu á líftæknilyfjum og er auk þess í samstarfi við leiðandi alþjóðlega aðila á sviði líftæknilyfja til krabbameinslækninga.

Ekki verða marktækar breytingar á starfsemi á Íslandi. Sameinað fyrirtæki mun hafa meira en 760 starfsmenn hér á landi, sem styðja við starfsemi þess á heimsvísu með störfum við framleiðslu, þróun, skráningu, sölu- og markaðsmál og gæðamál, svo eitthvað sé nefnt, auk þess sem mikilvægur hluti fjármálasviðs móðurfyrirtækisins verður á Íslandi. Ekki verða breytingar á yfirstjórn fyrirtækisins hér á landi og mun Guðbjörg Edda Eggertsdóttir áfram gegna starfi forstjóra.



Íslenskur tölvuleikur úr Twilight kvikmyndunum


Íslenska tölvuleikjafyrirtækið Plain Vanilla hefur í samstarfi við Summit Entertainment gefið út tölvuleikinn Twilight QuizUp, þar sem aðdáendur kvikmyndanna geta keppt sín á milli í Twilight fróðleik. Leikurinn er nú fánlegur bæði á Apple App store og Google Play í kjölfar frumsýningar á Twilight Saga Breaking Dawn: Part 2, sem er lokakafli myndaflokksins.

Hugmyndin að baki leiksins byggist á því að notendur tengi sig saman í gegnum kerfi QuizUp og svari í rauntíma spurningum um Twilight söguna. Leikmenn sjá síðan frammistöðu sína í samhengi við frammistöðu annarra spillara.



Hvað er að fréttu?

Samtök iðnaðarins leggja metnað í að birta fréttir af fyrirtækjum innan sinna raða í Íslenskum iðnaði og á vefsetri Samtakanna www.si.is. Hvetjum félagsmenn til að benda okkur á efni eða senda okkur fréttir á netfangið rakel@si.is



CLEAN TECH ICELAND

CleanTech Iceland, Samtök fyrirtækja í grænni tækni, kaus nýja stjórn á aðalfundi félagsins. KC Tran, Carbon Recycling International var endurkjörinn sem formaður. Aðrir stjórnarmenn eru Eiríkur Sveinn Hrafnsson, Greencloud, Guðný Reimarsdóttir, Eco Nord, Jón Ágúst Þorsteinsson, Marorka og Hilmir Ingi Jónsson, ReMake Electric. Úr stjórn gengu Ásbjörn Torfason og Ingvar Kristinsson og voru þeim þokkuð vel unnin störf. CTI lagði á síðasta starfsári áherslu á nokkur verkefni þ.e. fjármögnun fyrirtækja, markaðssetningu og erlent samstarf ásamt innri uppbyggingu félagsins. Unnið hefur verið að kynningu á greininni gagnvart sjóðum og fjárfestum.

Helga Valfells, framkvæmdastjóri NSA var gestur aðalfundarins og ræddi m.a. samstarf milli CTI og sjóðsins um stuðning félagsins við greiningu og þekkingaruppbyggingu á fjárfestingartækifærum í grænni tækni. Félagið telur að auka meggi skilning á sérstöðu greinarinnar og þeim miklu tækifærum sem liggja í grænni tækni. Gríðarleg tækifæri til atvinnusköpunar felast þar enda er græn tækni ört vaxandi svið um allan heim. Hérlandis er góð reynsla á sviði hreinnar orku og því lag að byggja á þeirri þekkingu og ímynd. Á fundinum kynnti Bala Kamallakharan, framkvæmdastjóri GreenCloud, upphaf og framtíðarsýn Start-up Iceland, sem er áhugaverð leið til að aðstoða frumkvöðla fyrstu skrefin.

Félagið hefur víða komið við og má þar nefna Grænu orkuna – Vistorka í samgöngum sem og Íslenska jarðvarmaklassann. Félagið vinnur að bættum skilyrðum fyrir starfsemi fyrirtækja í greininni og tekur þátt í norrænu samstarfi, m.a. um greiningu á tækifærum og markaðssetningu á grænni tækni.

CTI var stofnað 1. júní 2010. Á félagskrá CTI eru 15 fyrirtæki sem eiga það sameiginlegt að vinna að þróun umhverfisvænna tæknilausna.



Kjarnafæði hlýtur D, C og B - vottun

Kjarnafæði hefur staðist úttekt á fyrsta, öðru og þriðja þrepi áfanga-skiptrar gæðavottunar Samtaka iðnaðarins og hlotið D og C og B vottun.

Eðvald Sveinn Valgarðsson, gæða- og innkaupastjóri Kjarnafæðis segir að miðað við framtíðarstefnu fyrirtækisins skipti öllu máli að hafa gæðamálin í fyrsta sæti. „Við höfum breytt miklu hjá okkur í flæði og ferlum innanhúss og erum enn að breyta og bæta til að standast allar þær kröfur sem eru gerðar til okkar og ekki síður þær sem við gerum til okkar sjálf. Rekjanleikinn er að detta á að fullu hjá okkur og þá eigum við að geta sagt upp á dag hvaðan allt hráefnið er í spægiþylsuni okkar eða pepperoni.“ Samhliða því er unnið að vottunum SI auk þess sem stefnt er að því að uppfylla ISO-9001 á árinu 2013. „Ég var á námskeiði fyrir stuttu í þeim staðli og ég held ég geti fullyrt að kerfið okkar í dag mætir stórum hluta af 9001 staðlinum. Það tekur tíma og vinnu en þar er líka hægt að vinna með kerfið frá SI og aðlaga það eða vitna í 9001 staðlana. Við komum því til með að halda áfram með SI kerfið sem okkar gæðakerfi“ segir Eðvald Sveinn.

Gæðamál tekin föstum tókum

Eðvald segir að gæðakerfi frá SI hafi verið tekið upp í kjölfar ákvörðunar stjórnenda Kjarnafæðis um að styrkja gæðaeftirlit í fyrirtækinu, enda sé Kjarnafæði félagsmaður og öll samskipti við Samtökin hafi verið góð. „Kjarnafæði er í dag meðalstórt matvælafyrirtæki sem hefur frá upphafi vaxið eftir efnun og menn stigið varlega til jarðar. Framleiðsla og fjöldi vörutegunda hefur aukist mikið og allt ferlið er orðið mun flóknara en áður. Það var því eðlilegt framhald að

menn vildu einfaldlega setja gæðamálin á stall og taka þau föstum tókum.“

Þægilegt að vinna með kerfið

Uppsetning kerfisins frá SI er skýr og einföld að sögn Eðvalds og þó svo kerfið sé meira notað í mannvirkja- og verk-takageiranum var einfalt að laga það að þörfum Kjarnafæðis þrátt fyrir krefjandi og flókið umhverfi og regluverk sem matvælaframleiðsla býr við. Hann segir að fyrirtækið uppfylli matvælaöggjöf Evrópusambandsins sem nýverið var innleidd, uppsetning gæðakerfisins hafi einfaldað alla vinnu við að mæta þeim kröfum og að hluta séu kröfurnar þær sömu og finnast í SI kerfinu í dag. „Þó að matvælaöggjöfin innihaldi eðlilega sérkröfur og reglur þar sem meðal annars er um viðkvæma ferskvöru að ræða, þá var ekki flókið að finna rétta staði fyrir þær í kerfinu. Það er því þægilegt að vinna með kerfið og bæta við eftir þörfum“ segir Eðvald. „Við erum núna að taka síðustu skrefin að A - vottun og stefnum að því að ljúka henni fyrir 1. janúar 2013. Þessi uppsetning hjá SI með þrepin hjálpar mikið, við höfum einfaldlega fylgt þeim og unnið markvisst að því að uppfylla skilyrðin sem þar finnast.“

Eðvald vildi að lokum koma þökkum til Ferdinand Hansen, gæðastjóra SI.

„Ferdinand er hafsjór af fróðleik í og maður getur alltaf hringt í hann og velt upp þælingum og fengið góð ráð. Það er ekkert sjálfgefið í dag. Hann hefur komið í heimsókn norður og tekið okkur út og gefið góð ráð um leið. Við þurfum því endilega að fá hann í heimsókn aftur fyrir jól til að klára pakkann og fá A vottun.“



Hagsmunaaðilar og fyrirtæki í matvælaframleiðslu tóku höndum saman og héldu ráðstefnu um Matvælaframleiðslu Ísland á Hótel Sögu 6. nóvember.

Þar var fjallað um þau fjölmörgu tækifæri sem liggja í aukinni framleiðslu og sölu á íslenskum mat og tengdri þjónustu og hvernig má auka verðmætasköpun og nýta þær matarauðlindir sem landið býr yfir. Mikill áhugi reyndist vera fyrir málefnum en yfir 150 manns sóttu ráðstefnuna. Fluttir voru fyrirlestrar um sóknarfæri og vaxtarbrodda sem felast í matvælaframleiðslu á Íslandi og samstarfi framleiðenda á öllum stigum, ferðabjónustu og stjórnvalda. Í lokin voru pallborðsumræður sem Steingrímur J. Sigfússon, atvinnuvega- og nýsköpunarráðgjafi tók þátt í. Svana Helen Björnsdóttir, formaður SI stjórnaði ráðstefnunni. Upptökur af öllum erindum og pallborðsumræðum eru aðgengilegar á vefnum bondi.is.



Daði Már Kristófersson

auðlindahagfræðingur flutti inngangserindi sem bar yfirskriftina - "Hvernig framleiðum við meiri og betri mat?" Hann fjallaði um þörfina fyrir stórkvæm matvælaframleiðslu í heiminum, samfara síaukinni fólksfjölgun. Daði telur að ef við Íslendingar ætlum að leggja okkar af mörkum þurfum við að taka miklu stærra svæði til ræktunar. Við

þurfum miklu meiri rannsóknir og fjárfestingar í vísindastarfi og að nýta alla þá tæknimöguleika sem okkur standa til boða til nýta framleiðslumöguleikana til fullnustu. Möguleikar til aukinnar landbúnaðarframleiðslu eru gríðarlegir en landbúnaðurinn, eins og hann er rekinn nú, er óarðbær. Hann telur að fyrirkomulag styrkja til landbúnaðar þurfi að breyta þannig að það hvetji til nýsköpunar og arðsemisþróunar. Markaðstækifæri fyrir íslenska matvöru eru mikil og samspil við ferðabjónustuna skiptir þar miklu máli. Til að nýta þau tækifæri þarf stórkvæm upplýsingaflæði milli ferðabjónustu og framleiðenda.



Pétur Hafsteinn Pálsson,

framkvæmastjóri sjávarútvegsfyrirtækisins Vísis sagði frá þeirri virðisaukningu sem hefur orðið í vinnslu sjávarafurða og þeim möguleikum sem náð samstarf

vísindamanna og sjávarútvegs býður upp á. Verði allar aukaafurðir þorsks nýttar til fullnustu er hægt að margfalda vermæti þorsksins.



Sigrún Elsa Smáradóttir,

verkefnastjóri hjá Matís, fjallaði um smáframleiðslu matvæla. Hún telur mikil tækifæri framundan við að auka verðmæti þeirra auðlinda sem landið býr yfir og nefndi aukna þekkingu, nýja tækni og ýmis aukahráefni sem ekki

væru nýtt í dag. Hún nefndi vöruþróunarsetur sjávarútvegsins þar sem um 40 verkefni eru í gangi og benti á að huga þyrfti að sambærilegum stuðningi við landbúnaðinn til að nýta þá möguleika til framþróunar sem þar eru. Hún nefndi líka matarsmiðjur Matís á landsbyggðinni þar sem smáframleiðendum gefst tækifæri til að þróa og framleiða vörur með aðstoð sérfræðinga.



Guðný Steinsdóttir,

markaðsstjóri MS, sagði frá markaðssetningu á skyri bæði innanlands og erlendis. Skyrneysla hefur aukist gríðarlega á Íslandi síðasta áratuginn og borðar nú hver Íslendingur um 6 kíló af skyri á ári. Nýlega voru umbúðir og kynning á skyri færðar til nútímalegra horfs sem skilaði söluaukningu sem fór langt fram úr björtustu vonum.



Finnþógi Magnússon,

framkvæmdastjóri Jötunn véla, fjallaði um möguleika á ræktun nytjaplantna í framtíðinni. Hann telur margar tegundir eiga hér góða möguleika sem hingað til hefur verið talið vonlaust að rækta við íslenskar aðstæður. Hann telur þó að til að svo megi verða þurfi að auka rannsóknir og byggja upp hrávörumarkað með afurðirnar.

Gunnlaugur Karlsson, framkvæmdastjóri Sölufélags garðyrkjumannanna, sagði frá þeirri framþróun sem



öryggis og þess að nýta öll aðföng betur en nú er gert. Mikilvægt er að samþætta nýtingu og vernd. Þrátt fyrir að nýting alls kyns aukaafurða hafi stóruáskil á síðari árum eru gríðarleg tækifæri ónotuð, ekki síst í þörungavinnslu. Flestir sem tóku til máls lýstu mikilli ánægju með fundinn og þennan vettvang til samvinnu matvælagreinanna til að stefna að sama marki.

Ragnheiður Héðinsdóttir



Nýr formaður

Ný stjórn var kosin á aðalfundi SUT – samtaka upplýsingatæknifyrirtækja sem haldinn var 9. nóvember.

Hilmar Veigar Pétursson, CCP formaður samtakanna gaf ekki kost á sér til endurkjörs og var Gestur G. Gestsson, Advania kjörinn formaður. Nýir meðstjórnendur til tveggja ára eru Daði Friðriksson Tölvumiðlun, Haukur Þ. Hannesson AGR og Björn Ingvarsson CCP. Þrír meðstjórnendur sitja áfram, Hrannar Erlingsson Maritech, Magnús Norðdahl LS Retail og Ágúst Einarsson, EMR.

Fráfarandi formaður SUT, Hilmar V. Pétursson, fór yfir verkefni ársins þar sem áhersla var lögð á sex forgangsverkefni:

- auka aðgang að hæfu starfsfólki fyrir fyrirtækin
- stuðla að bættu samkeppnisumhverfi
- styrkja ímynd SUT og efla kynningarmál
- stuðla að betra aðgengi að erlendum mörkuðum
- stuðla að auknum fjárfestingum
- styrkja samstarf SUT fyrirtækja og helstu samstarfsaðila þeirra



hefur orðið í framleiðslu og vinnslu grænmetis á síðastliðnum 10 árum eftir að framleiðendur þurftu að bregðast við breyttum aðstæðum á markaði. Hann telur markvissa markaðssetningu afurðanna hafa verið mjög mikilvæga til að halda markaðshlutdeild innlendrar framleiðslu í harðnandi samkeppni.

Jón Baldur Þorbjörnsson hjá Ísafold



Travel hefur unnið markvisst að því að tengja saman ferðabjónustu og matarmenningu, sem hann sér mikil sóknarfæri í. Hann leggur áherslu á mikilvægi þess að skipuleggja matarferðir með það

fyrir augum að kynna sem fjölbreyttastan íslenskan mat fyrir erlendum ferðamönnum. Til þess þarf upplýsingaflæði og samstarf milli ólíkra aðila í ferðabjónustu og matvælaframleiðslu.

Guðný Káradóttir, markaðsfræðingur hjá Íslandsstofu, sagði frá hlutverki Íslandsstofu við að markaðssetja Ísland á erlendum vettvangi og áherslu stofunnar á matvæli. Matvæli tengjast náið íslenskri náttúru og menningu og mikilvægt að markaðssetja upprunann og ímynd landsins.



Friðgeir Ingi Eiríksson, yfirmatreiðslumaður á Hótel Holti fjallaði um mikilvægi þess að veitingahús hafi greiðan aðgang að hágæða íslensku hráefni en sumir veitingamenn telja sig ekki alltaf fá

það hráefni sem þeir vilja helst. Þar gæti nánara samstarf framleiðenda og veitingamanna hjálpað til að skilgreina þarfirnar.



Svana Helen Björnsdóttir stjórnaði pallborðsumræðum. Þar var meðal annars spurt hvernig auka mætti hagnýtt gildi rannsókna og samstarf menntakerfisins við atvinnulífið. Steingrímur J. Sigfússon,

atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra taldi að landið byði upp á mikla ónýttu möguleika sem fælust m.a. í stóruáskil framleiðslugetu í landbúnaði og fiskeldi, um vinsæld landsins hjá ferðamönnum og norrænu samstarfi þar sem lögð er áhersla á norræna matinn undir merkjum - New Nordic food - og áherslu á græna framleiðslu. Sindri Sigurgeirsson tók undir orð Daða Más um að landbúnaðurinn þyrfti að verða sjálfbær m.t.t. auðlinda og orku. Við eigum nægt landrými, vatn og mikið af byggingum, tækjum og vélum sem gætu annað mun meiri framleiðslu. Aukin áhersla á jarðrækt og uppbygging innviða sem tengjast henni gefur mikla möguleika. Sveinn Margeirsson benti á mikilvægi matvæla-

Gullsmiðir þjóða heim



Gullsmiðadagurinn var haldinn í gannað sinn í lok október. Markmið Gullsmiðadagsins er vekja athygli á fagmennsku í greininni og fræða almenning um störf gullsmiða og mikilvægi þess að versla við faglærða. Þetta árið lögðu gullsmiðir áherslu á þrif og almennt viðhald á skartgripum og um leið nauðsyn reglulegra þrifa til að halda skartgripum

fallegum. Gullsmiði er krefjandi og viðamikil nám þar sem tekið er á mörgum þáttum tengdum faginu. Að versla við faglærðan gullsmið er gæðastimpill með vörinni og felur í sér ábyrgð.

Gullsmiðadagurinn gekk vonum framar og áhugi mikill hjá viðskiptavinum að kynna sér störf fagmanna.

María Manda hlaut Skúlaverðlaunin 2012



Verðlaunin voru afhent 1. nóvember við hátíðlega athöfn í Ráðhúsi Reykjavíkur þegar sýningin HANDVERK OG HÖNNUN var opnuð í áttunda sinn. Það er óhætt að segja að sýningunni hafi verið vel tekið og var aðsóknin afar góð enda gróskan og fjölbreytnin mikil sem fyrr, en 57 aðilar sýndu verk sín.

Keppt var um besta nýja hlutinn meðal þátttakenda og máttu hlutirnir hvorki hafa verið sýnis né sölu opinberlega fyrir sýninguna í Ráðhúsinu.

Verðlaunin hlaut að þessu sinni María Manda fyrir standandi jólapakkakort.

Í faglega valnefnd voru skipaðar þær Dóra Hansen innanhúsarkitekt og Kristín Birna Bjarnadóttir vörühönnuður. Verðlaunin eru styrkt af Samtökum iðnaðarins og afhenti framkvæmdastjóri Samtakanna Orri Hauksson þau.

Verðlaunin eru kennd við Skúla Magnússon fógeta sem er frumkvöðull smáiðnaðar í Reykjavík.

Nýr formaður



Ágústa Guðmundsdóttir

Samtök íslenskra líftæknifyrirtækja hélt aðalfund og við formennsku tók Ágústa Guðmundsdóttir, Ensímtækni. Meðstjórnendur eru Ása Brynjólfsdóttir, Bláa lónið heilsuvörur og Hörður Kristinsson, Matís. Jóhannes Gíslason, Genís sem gegnt hefur formennsku síðastliðin þrjú ár, gekk úr stjórn. Jóhannesi eru þökkuð vel unnin störf. Fundurinn var haldinn hjá fyrirtækinu ArcticLas sem býður þjónustu við lyfja, matvæla og líftækniíðnað. Fyrirtækið hefur fyrsta flokks aðstöðu til dýratilrauna og úrvinnslu þeirra. Miklar kröfur eru gerðar til fyrirtækja á þessu sviði og hefur ArcticLas náð góðum árangri í markaðssetningu á þjónustu sinni á alþjóðamarkaði. Ánægjulegt er að innlendum viðskiptavinum hefur fjölgað undanfarið og er það til marks um grósku í rannsókn- og þróunavinnu á sviði líftækni.

Meðal verkefna ársins hjá SÍL var þátttaka í mótun atvinnustefnu fyrir Ísland þar sem tækifæri og stefnumál líftækni voru skoðuð. SÍL kom einnig að ráðstefnu Marine Algae Network sem haldin var á Íslandi í maí en mikill áhugi er á nýtingu líftækni við þörungavinnslu. Aðstæður hérlendis virðast áhugaverðar fyrir uppbyggingu á því sviði.

Samtökin voru stofnuð árið 2004 og eru að ljúka áttunda starfsári sínu. SÍL er starfsgreinahópur innan Samtaka iðnaðarins og eru vettvangur þar sem unnið er að hagsmuna- og stefnumálum líftæknifyrirtækja og eflingu líftækniíðnaðar á Íslandi. Líftækni er grunntækni sem gengur þvert á hefðbundnar atvinnugreinar og fyrirtæki í hópnum vinna á ólíkum mörkuðum, t.d. orkutækni, lyfja- og matvælaíðnaði.

Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins
11. tbl. 18. árg. nóvember 2012
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 28.11.2012
Prentvinnsla: Prenttækni ehf.
Plastþökkun: Bjarkarás
Ljósmyndir: Odd Stefán, Marel bls. 3 Óskar Páll Sveinsson, Bændablaðið bls. 6 og 7.
Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35, 105 Reykjavík, sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Orri Hauksson
Ritstjóri: Rakel Pálsdóttir
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.